


Starfendarannsóknir – framkvæmdaáætlun

Byggt á gögnum frá Rúnari Sigþórssyni

Hringferli starfendarannsókna



(Coghlan og Brannick, 2010 bls. 8)

Aðdragandi starfendarannsókna

- Kveikjan: Sá sem tekst starfendarannsókn á hendur vill skoða breytingar til að bæta aðstæður eða starfshætti eða er ekki fyllilega sáttur við frammistöðu sína eða (starfs)aðstæður
- Mikilvægt að afmarka rannsóknarefnið og greina núverandi stöðu
 - hvernig er staðan núna?
 - hvernig er hún öðruvísi en æskilegt væri?
 - hvernig er hægt að bæta úr?
- Hin dæmigerða rannsóknarspurning: Hvernig get ég breytt / bætt / náð tökum á
 - starfshættir – skilningur – aðstæður – réttlæti – lífsgæði o.s.frv.

Hringferli Starfendarannsókna

- Íhugun um aðstæður og þörf á breytingum
- Söfnun og greining gagna um aðstæður
 - T.d. athuganir, viðtöl, skráningar
- Áætlun um íhlutun
 - Hvað viljum við gera?
- Íhlutun – framkvæmd
 - Inngrip í ríkjandi aðstæður
- Gagnasöfnun samhliða íhlutuninni
- Íhugun og mat
 - Áhrif íhlutunar, þörf fyrir breytta / endurtekna íhlutun – hvað svo?

Starfendarannsóknir – framkvæmdaáætlun

Byggt á gögnum frá Rúnari Sigþórssyni

Áætlun

- Skilgreining viðfangsefnis: hvað er að – hverju þarf að breyta?
- Greining stöðu áður en íhlutun hefst
- Þátttakendur, verkþættir og verkaskipting
- Íhlutun og gagnasöfnun til að meta áhrif hennar.
- Tímaáætlun og áfangar í rannsóknarferlinu
- Verkþætti hvers áfanga og verkaskiptingu þátttakenda
- Bjargir og áætlun um hvernig þeirra verður aflað
- Viðmið um árangur
- Hagnýting og kynning niðurstaðna – umbótaferli

Gagnasöfnun – eigindleg og meindleg

- Dagbækur
- Vettvangsathuganir og -nótur (field notes)
- Greinandi minnisblöð
- Viðtöl af öllu tagi
- Spurningalistar og viðhorfakannanir
- Ljósmyndir og upptökur
- Þátttöku- og vettvangsathuganir
- Skýrslur og önnur skrifleg gögn

Viðmið um réttmæti starfendarannsókna

- Viðfangsefni skynsamlega afmarkað, mikilvægi hennar rökstutt og umbótatilgangur skýr.
- Skýr áætlun sem jafnframt er nægilega sveigjanleg til að hægt sé að endurmeta aðstæður og bregðast við
- Samvinna
- Íhlutun rækilega lýst, áhrifum hennar og hvernig þau voru metin
- Vinnubrögð við gagnasöfnun öguð og aflað fjölbreyttra gagna
- Framkvæmd og árangur íhlutunar metin og hægt er að sýna fram á með rökum að hún hafi skilað árangri.
- Niðurstöður og ný þekking notuð til breytinga
- Niðurstöður lagðar fram á greinargóðan og aðgengilegan hátt

Siðfræðilegir þættir

- Trúnaður og nafnleynd (þegar við á)
- Skýr markmið sem lögð eru fram
- Allir skilmálar fyrir þátttöku skýrir frá upphafi
- Upplýst samþykki
- Gæta þess að skaða aldrei þátttakendur
- Standa við loforð við þátttakendur
- Þátttaka af fúsum og frjálsum vilja
- Koma fram við þátttakendur af virðingu
- Starfa fyrir opnum tjöldum og fá tilskilin leyfi
- Höfuðreglurnar fjórar: Sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti í kafla Sigurðar Kristinssonar í *Handbók í aðferðafræði* ...

Starfendarannsóknir – framkvæmdaáætlun

Byggt á gögnum frá Rúnari Sigþórssyni

Heiti verkefnis:

Starfendarannsókn

Viðfangsefni athugunar – rannsóknarspurning:

Hvað vil ég bæta – hver er núverandi staða?	Hvernig verður tímaáætlunin?
	
Hver er niðurstaðan – íhugun og mat?	Hvernig safna ég gögnum?
	



Hvað geri ég svo - Umbótaáætlun?

Starfendarannsóknir – framkvæmdaáætlun

Byggt á gögnum frá Rúnari Sigþórssyni

Framkvæmdaáætlun

Skráning á því hvernig

Veldu eitt eða fleiri atriði til að vinna með.	
Hvað gera kennarar?	Hvað gera nemendur?
Hvernig á að meta hvort við náðum árangri?	